



FULLSETINN AUSTURBÆR

„Nú er nóg komið, nú er okkur að maeta,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, á fundi um málefni Landssíða háskólasjúkrahúss. Húsfylli var á fundinum sem allmög samtök efndu til í Austurbæ i gær til að mótmæla niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. Ræðumenn létu í sér heyra og salurinn tók undir með lófataki.

Mótmaelafundur:

Tefla lífi í hættu

MÓTMÆLI „Við verðum að spryrna við fótunum taka höndum saman til að hindra þessa mannfyrirlitningastefnu,” sagði Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, á fjölmennum fundi í Austurbæ í gær þar sem þess var krafist að stjórnvöld endurskoðuðu fjarveitingar til Landspítala-háskólasjúkrahúss. Hann hvatti fólk einnig til að hafna kvótakerfi í heilbrigðiskerfinu, því þörf og vilji væri fyrir fyrsta flokks heilbrigðiskerfi fyrir alla.

„Nú er nóg komið, nú er okkur að maeta,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður sjúkraliðafélags Íslands. Hún talaði um að verið væri að svipta fólk atvinnu og þrengja að stærsta sjúkrahúsi landsins. Hún sagði niðurskurðinn, handstýrða stefnu ríkisstjórnarinnar, vera vilja ríkisstjórnarinnar til að einkavæða heilbrigðispjónustuna þó til þess þurfi að tefla jafnvel lífi og heilsu fólks í hættu.

Að fundinum stóðu Geðhjálpa, Landssamband eldri borgara, Landssamtök hjartasjúkra, Umhyggja, Öryrkjabandalag Íslands, ASI, BHM, BSRB og Læknafélag Íslands. ■